





Breyting á aðalskipulagi - tjaldsvæði í Kalmansvík



Gildandi skipulag



Breytt skipulag

Mkv.: 1:10.000

Bæjarstjórn Akraness leggur til að aðalskipulagi Akraness 2005- 2017 verði breytt á þann veg að óbyggt svæði í Kalmansvík verði skilgreint sem tjaldsvæði (afþreyingar- og ferðamannasvæði) og útivistarsvæði (opið svæði til sérstakra nota). Tjaldsvæði hefur um árabil verið rekið í Kalmansvík en nú er unnið að gerð deiliskipulags fyrir svæðið, sem auglýst verður samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari.

Í aðalskipulagi Akraness 2005-2017 var stefnt að gerð tjaldsvæðis í tengslum við Garðalund og golfvöll. Nú er í stað þess stefnt að áframhaldandi nýtingu núverandi tjaldsvæðis, sem liggur vel við samgöngum og hefur sérstöðu vegna útsýnis og nálægðar við sjóinn. Stefna um rekstur tjaldsvæðis í Kalmansvík og stækkun þess hefur verið mörkuð í drögum að endurskoðuðu aðalskipulagi Akraness (óstaðfestu) og er breyting þessi í samræmi við þá stefnumótun. Tjaldsvæðið er skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 en fært í kafla um opin svæði til sérstakra nota í greinargerð aðalskipulagsins, sem unnið var skv. eldri reglugerð.

STADHÆTTIR

Á svæðinu er tjaldsvæði í rekstri. Allt land er raskað og eru sjóvarmargardar ofan fjörunnar í Kalmansvík. Gönguleiðir liggja um svæðið að mikilvægum útivistarsvæðum, ströndinni, Elínnarhöfða, Miðvoggi og Innstavignesni.

Fyrir á tímum stóðu þrjú býli á svæðinu, Hausthús, Kalmansvík og Presthús, og eru minjastaðirnir merktir á aðalskipulagsupprætti (Þ1, Þ2 og Þ3). Enn sjást ummerki um bæjarhóla Kalmansvíkur og Hausthúsa, sem eru innan nýs landnotkunarreits. Fyrir liggur minjaskrá frá 2018 og er tekið mið af henni í deiliskipulagi svæðisins.

Inn með ströndinni norðan Kalmansvíkur er friðlýst svæði, Blautós og Innstavignes, sem nýtur verndar vegna landslags og lífríkis, sérstaklega auðugs fuglalífs. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til að verndarsvæðið verði stækkað til norðurs og suðurs með ströndinni og myndi þá ná inn í miðja Kalmansvík (B-hluti náttúruminjaskrár, framkvæmdaetlun). Stækkað verndarsvæði mun verða innan marka hverfisverndarsvæðis Hv 1 skv. aðalskipulagi og ná að sjóvarmargörðum efst í fjörunni.

BREYTINGAR Á SKIPULAGSUPPRÆTTI

- Afmarkað er nýtt opið svæði til sérstakra nota, O-16, um 3 ha að flatarmáli sunnan Kalmansvíkur og norðan íbúðarbyggðar við Esjubraut. Svæðið er nú er skilgreint sem óbyggt svæði.
- Tjaldsvæði er afmarkað sem afþreyingar- og ferðamannasvæði, Af 1, sbr. ákvæði skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, um 5.3 ha að flatarmáli.
- Íbúðarsvæði Íb-21 norðan Kalmansvíkur er minnkað úr 14 ha í 13 ha.
- Mörkum hverfisverndarsvæðis Hv-1 er breytt og þau löguð að staðháttum. Mörkin miðast nú við raskað land (sjóvarmargarð) og stíga ofan fjörunnar í Kalmansvík.

BREYTINGAR Á GREINARGERÐ

Engin breyting er gerð á almennum texta greinargerðar.

Kafla 3.2.5 Hverfisvernd vegna Náttúruvafars

Hv-1 **Ströndin, Innsti-Vogur – Miðvogur – Kalmansvík:** flatarmál verður 90,5 ha í stað 92 ha.

Kafla 3.3.2 Íbúðarsvæði

Íb-21 **Norðan Kalmansvíkur:** Flatarmál verður 13 ha í stað 14,3 ha.

Kafla 3.3.6 Opin svæði til sérstakra nota

Tvær nýjar línur í töflu:

SKÝRINGAR

- | | |
|-----------------------------------|-------------------------------------|
| ■ Mörk skipulagssvæðis | ■ Blönduð landnotkun |
| ■ Íbúðarsvæði | ⋯ Skipulagi frestað |
| ■ Íbúðarsvæði, blönduð byggð | ⊙ Fornminjar |
| ■ Svæði fyrir þjónustustofnanir | ⊙ Merking landnotkunarreita |
| ■ Miðsvæði, miðbær | — Stofnbraut |
| ■ Verslunar- og þjónustusvæði | — Tengibraut |
| ■ Athafnasvæði | ⋯ Stofnstígur innan byggðar |
| ■ Hafnarsvæði | ⋯ Megin útivistarstígur |
| ■ Iðnaðarsvæði | ⋯ Megin útivistarstígur og reiðleið |
| ■ Afþreyingar- og ferðamannasvæði | ⋯ Reiðleið |
| ■ Óbyggt svæði | ⊙ Flutningslínur rafveitukerfis |
| ■ Opin svæði til sérstakra nota | ⊙ Flutningslínur rafveitukerfis |
| ■ Sorpförgunarsvæði | ⊙ Aðveitulögn hitaveitu |
| ■ Hverfisverndarsvæði | ⊙ Aðveitulögn vatnsveitu |
| ■ Náttúruverndarsvæði | ⊙ Útrás fráveitu |
| ■ Landfylling | |

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
O-16	3	Opið svæði við Kalmansvík	Óbyggt svæði, útivistarsvæði	Útivistarsvæði. Almenn ákvæði. Sérákvæði sett í deiliskipulagi.
AF-1	5,3	Tjaldsvæði við Kalmansvík	Tjaldsvæði í rekstri.	Tjaldsvæði, litlir gistiskálar og þjónustubyggingar. N: 0,02. Áhersla skal lögð á góða aðlögun að umhverfi og menningarminum. Sérákvæði sett í deiliskipulagi.

UMHVERFISSKÝRSLA

Breytingin felur ekki í sér heimildir til framkvæmda, sem líklegar eru til þess að hafa veruleg neikvæð áhrif á umhverfið. Varanleg tjaldsvæði og hjólhýsasvæði allt að 10 ha að flatarmáli eru tilgreind í flokki C í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 (liður 12.07). Gerð tjaldsvæðis er því tilkynningarskyld til leyfisveitanda til ákvörðunar um matsskyldu sbr. 2. mgr. 6. gr. laganna.

Þeir þættir, sem áhrif hafa á umhverfið, eru annars vegar bílaumferð og dvöl ferðamanna og hins vegar mannvirki og búnaður á svæðinu. Áhrif felast í sýnileika og álaga í þjónustukerfi.

Hverfisvernd: Mörk hverfisverndarsvæðis eru löguð að staðháttum og miðast nú við raskað land ofan fjörunnar og stíg innan við sjóvarmargarð. Ströndin er vernduð vegna landslags, náttúruvafars og fuglalífs auk þess sem svæðið hefur mikið útivistargildi. Breytt mörk hverfisverndarsvæðis hafa engin áhrif á þessa þætti. Breytt mörk rekast ekki á áform um stækkun friðlands Blautós og Innstavignes.

Náttúruverndarsvæði: Uppbygging og rekstur tjaldsvæðis og mótun útivistarsvæðis mun ekki hafa nein áhrif á fyrirhugað stækkað friðland Blautós og Innstavignes enda verður stækkað friðland innan þeirrar hverfisverndar, sem Akranesbær hefur þegar afmarkað.

Menningarmínjar: Tekið er mið af skráðum minjastöðunum í deiliskipulagi og verður þeim ekki raskað á nokkum hátt.

Aðliggjandi svæði: Tjaldsvæðið verður ekki nær íbúðarbyggð en nú er. Áframhaldandi uppbygging mun m.a. fela í sér byggingu smáhýsa sem breyta yfirbragði svæðisins eitthvað. Á sumrin marka tjöld, húsvagnar og ferðabílar hins vegar yfirbragð svæðisins.

Þjónustukerfi: Tjaldsvæðið tengist þeim veitukerfum sem þjóna bænum. Fráveita frá svæðinu fer í fráveitukerfi bæjarins um hreinsi- og dælustöð við Ægisbraut. T-gatnamót eru við Kalmansbraut og eru í um 150 og 200 m fjarlægð frá næstu tengingum/gatnamótum.

Stefna Akraneskaupstaðar: Frekari uppbygging svæðisins mun bæta aðstöðu ferðamanna og umgengni og hafa jákvæð áhrif á ferðaþjónustu á Akranesi. Minjastaðir og vernd þeirra gefa svæðinu gildi.

Breytingin og fyrirhuguð starfsemi styður eftirlífanandi markmið gildandi aðalskipulags:

Ferðaþjónusta á Akranesi verði eflað með áherslu á sérstæða sögu mannlífs og atvinnulífs á Skaga. Aðdráttarafll bæjarins skal aukið með skírskotun til sérkenna og sérstöðu bæjarins m.t.t. sjósóknar og íþróttar.

Aðrar áætlanir: Breytingin mun ekki hafa áhrif á aðrar áætlanir og gengur ekki gegn stefnu stjórnvalda um umhverfismál, náttúruvernd og vernd menningarmínja. Breytingin á ekki við viðfangsefni Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Umhverfisáhrif breytingarinnar m.t.t. ofangreinda þátta eru óveruleg og/eða jákvæð.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann _____

bæjarstjórinn á Akranesi

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

þann _____

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda _____

12. febrúar 2020

**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**

GYLFI GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí